

ÁÐALFUNDUR ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2010, föstudaginn 25. júní var haldinn aðalfundur Orkuveitu Reykjavíkur vegna ársins 2009.

Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1, Reykjavík og hófst kl. 15:00.

Þessi sátu fundinn: Jón Gnarr borgarstjóri fyrir Reykjavíkurborg, Jón Pálmi Pálsson bæjarstjóri fyrir Akraneskaupstað og Páll S. Brynjarsson sveitarstjóri fyrir Borgarbyggð.

Einnig sátu fundinn Guðlaugur G. Sverrisson formaður stjórnar, Haraldur Flosi Tryggvason, Aðalsteinn Leifsson, Helga Jónsdóttir, Sóley Tómasdóttir, Dagur B. Eggartsson, Björn Bjarki Þorsteinsson, Hrönn Ríkharðsdóttir, Gunnar Sigurðsson, Heiða Kristín Helgadóttir, Sigrún Elsa Smáradóttir, Sóley Tómasdóttir, Hjörleifur B. Kvaran forstjóri, Guðmundur I. Bergþórsson innri endurskoðandi OR og Auðunn Guðjónsson og Hlynur Sigurðsson lögg. endurskoðandur frá KPMG.

Þetta gerðist:

Ákveðið að fundarstjóri yrði Hjörleifur B. Kvaran og Eiríkur Hjálmarsson fundarritari.

1. Formaður stjórnar, Guðlaugur G. Sverrisson, flutti skýrslu stjórnar og lagði hann fram Ársskýrslu OR 2009 og Umhverfisskýrslu 2009. Jafnframt óskaði hann eftir að bókun hans frá stjórnarfundum OR 2. júní sl.

Það hefur verið meginviðfangsefni núverandi stjórnar að fást við erfiðleika í rekstri fyrirtækisins í kjölfar hruns íslensks efnahagslífs á árinu 2008. Þegar hrunið átti sér stað hafði fyrirtækið tekið ákvarðanir um nýjar virkjanir og gert skuldbindandi samninga um sölu á orku og kaup á búnaði og þjónustu. Undanfarin ár hefur verið leitað leiða til að hagræða í rekstri og skera niður og fresta fjárfestingum. Mikill árangur hefur náðst af þessum aðgerðum sem hefur þegar skilað sér og mun skila enn frekari árangri til lengri tíma. Á sama tíma hafa gjaldskrár ekki verið hækkaðar.

Í desembermánuði s.l. samþykkti stjórnin samhljóða stefnu stjórnar þar sem gert er ráð fyrir að veiturnar skili ákveðinni heildararðsemi eigna. Verulega skortir á að þessum markmiðum sé náð og þarf gjaldskrá miðlanna að hækka til þess að svo verði. Þá hefur komið fram að lág arðsemi og óbreytt gjaldskrá stendur fyrirtækinu fyrir þrífum þegar leitað hefur verið eftir nýju lánsfé bæði innanlands og utan.

Stjórnarformaður telur brýnt að ný stjórn fyrirtækisins sem tekur við síðar í þessum mánuði vinni nýja þriggja ára áætlun sem geri ráð fyrir hækkingu gjaldskrár til að samþykktum markmiðum stjórnar verði náð á því tímabili. Slík samþykkt er ein af forsendum þess að fyrirtækið geti sótt sér lánsfé til yfirstandandi verkefna og samið um endurfjármögnun eldri lána.

2. Ársreikningur Orkuveitu Reykjavíkur fyrir liðið lagður fram til staðfestingar. Ársreikningurinn er áritaður af endurskoðendum og stjórn. Hlynur Sigurðsson gerði grein fyrir reikningnum.

Ársreikningurinn borinn upp og samþykktur af fulltrúum eigenda.

3. Lögð fram svohljóðandi tillaga um arðgreiðslur:

Aðalfundur Orkuveitu Reykjavíkur haldinn 25. júní 2010 samþykkir að arðgreiðslur vegna síðastliðins árs verði 800 milljónir króna. Jafnframt er veitt heimild til að greitt verði upp í arðgreiðslur ársins 2010 á vormánuðum 2011.

Samþykkt.

4. Lagðar fram svohljóðandi tillögur um þóknun stjórnarmanna, vísað til aðalfundar af stjórn OR 4. júní sl.:

- a) Aðalfundur Orkuveitu Reykjavíkur haldinn í 25. júní 2010 ákveður að stjórnarlausn ársins 2009 verði kr. 125.000.- á mánuði frá janúar til mars og kr. 112.500 á mánuði frá apríl til desember fyrir aðalmann og tvöfalt fyrir formann. Greiðslur til varamanna verði kr. 35.000.- á fund frá janúar til marsloka 2009, og kr. 31.500 á fund frá 1. apríl 2009 til ársloka. Jafnframt verði heimilt að greiða upp í laun ársins 2010 kr. 112.500 á mánuði fyrir aðalmann og tvöfalt fyrir formann. Greiðslur til varamanna verði kr. 31.500 á fund.
- b) Fulltrúi VG í stjórn OR leggur til að laun stjórnarmanna OR verði framvegis samsvarandi launum fulltrúa í fagraðum Reykjavíkurborgar.

Tillaga a) samþykkt og því kemur tillaga b) ekki til atkvæða.

5. Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 21. júní s.l. um kjör stjórnarmanna til eins árs:

Aðalmenn:

Haraldur Flosi Tryggvason, Helga Jónsdóttir, Aðalsteinn Leifsson, Kjartan Magnússon, Sóley Tómasdóttir.

Varamenn:

Brynhildur Davíðsdóttir, Guðmundur Þór Reynaldsson, Ingrid Kuhlman, Júlíus Vífill Ingvarsson, Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir.

Formaður var kjörinn Haraldur Flosi Tryggvason.

Varaformaður var kjörinn Helga Jónsdóttir.

Einnig lagt fram bréf Akraneskaupstaðar dags. 21. júní 2010 þar sem greint er frá að Hrönn Ríkarðsdóttir verði aðalmaður í stjórn til fjögurra ára og Jóhann Ársælsson til vara.

Páll Brynjarsson lagði fram erindi Borgarbyggðar dags. 24. júní 2010 þar sem óskað er eftir að sveitarfélagið hafi áfram áheyrnarfulltrúa í stjórn OR.

Tillögunni vísað til stjórnar.

6. Lögð fram svohljóðandi tillaga um endurskoðanda Orkuveitu Reykjavíkur:

Aðalfundur Orkuveitu Reykjavíkur haldinn 25. júní 2010 samþykkir að KPMG hf. endurskoðunarfyrirtæki verði endurskoðandi Orkuveitu Reykjavíkur næsta ár.

Samþykkt.

7. Önnur mál.

Borgarstjóri lagði fram sh. tillögu allra eigenda:

Orkuveita Reykjavíkur stendur á tímamótum. Fyrirtækið byggir á traustum grunni en skuldir eru miklar og reksturinn er þungur. Eigendur Orkuveitunnar hafa einbeittan vilja til að vinna faglega að hagsmunum fyrirtækisins. Þess vegna samþykkir Aðalfundur OR 2010 að stjórnarformaður verði í fullu starfi tímabundið meðan lagt er vandað mat á aðstæður og ýtt er úr vör nauðsynlegum breytingum í samstarfi við starfsfólk Orkuveitunnar. Þessi ráðstöfun gildir aðeins fram að næsta aðalfundi. Heildarkjör stjórnarformanns í fullu starfi miðast við kjör sviðsstjóra hjá Reykjavíkurborg án fríðinda.

Samþykkt.

Sóley Tómasdóttir óskar bókað:

Fulltrúar Vinstri grænna og Sjálfstæðisflokks í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur mótmæla harðlega þeirri tillögu að stjórnarformaður Orkuveitu Reykjavíkur verði í fullu starfi og þannig hluti af launuðu stjórnendateymi fyrirtækisins. Þessi ráðstöfun er algjört einsdæmi og í miklu ósamræmi við það eftirlitshlutverk sem stjórnarformanni ber að sinna gagnvart stjórnendum fyrirtækisins, auk þess hlutverks sem hann hefur í stjórn þess. Það vekur einnig furðu að á tímum hagræðingar og sparnaðar, skuli meirihlutinn ákveða að bæta við manni í annars fjölmenna yfirstjórn Orkuveitunnar sem fær þá greitt kr. 920.000,- mánaðarlega. Þessi ákvörðun er í mikilli andstöðu við fyrri stefnumörkun og þá viðleitni hjá Reykjavíkurborg að lækka launa- og stjórnendakostnað. Einnig benda fulltrúar Vinstri grænna og Sjálfstæðisflokks á þá lagalegu óvissu sem ríkir um slíka tillögu, enda hafa lög verið samþykkt á Alþingi sem heimila ekki að stjórnarformenn taki að sér önnur störf fyrir félagið.

Borgarstjóri lagði fram sh. bókun:

Í starfi Orkuveitu Reykjavíkur leggur nýr meirihluti borgarstjórnar megináherslu á þrennt:

1. Auðlindir verði nýttar með þeim hætti að ekki sé gengið á framtíðarmöguleika til nýtingar þeirra.
2. Allar ákvarðanir um nýtingu auðlinda og nýtingin sjálf einkennist af ást og virðingu fyrir umhverfinu.
3. Borgarbúar njóti öruggar þjónustu frá traustum aðilum og geti gengið að upplýsingum um störf og stöðu orkufyrirtækja í eigu borgarinnar.

Orkuveita Reykjavíkur er snilldarfyrirtæki sem sér borgarbúum fyrir rafmagni, yl, vatni, frárennsli og gagnaveitu. Líklega er engin höfuðborg í heiminum jafn vel sett hvað varðar þessa mikilvægu grunnþjónustu sem er bæði hagkvæm, umhverfisvæn og örugg. Borgaryfirvöld vilja tryggja að Reykvíkingar og aðrir viðskiptavinir

Orkuveitunnar njóti þess um ókomna tíð að eiga aðgang að öruggri orku, vatni, gagnaveitu og frárennsli. Sammæli eru um að þessu markmiði sé best náð með því að OR sé áfram í eigu almennings. Hlutverk OR er fyrst og fremst að sinna þörfum íbúa fyrir orku, vatn, frárennsli og gagnaveitu. Þátttaka í áhættusömum framkvæmdum kann að vera spennandi en á ekki að vera þáttur í reglulegri starfsemi OR. Kjarnastarfsemi er almannaþjónusta. Almannahagsmunir koma fyrst. Lykilatriði í starfi stjórnar er að leita allra leiða til að styrkja rekstur Orkuveitunnar, að halda Orkuveitunni í eigu almennings og tryggja grunnþjónustu á sanngjörnu verði. Veganesti borgaryfirvalda til nýrrar stjórnar Orkuveitunnar er að snúa sér þegar í stað að eftirfarandi verkþáttum:

- Skilgreina skal úttekt á rekstrinum með það að markmiði að skýra stöðu mála og draga fram þær áskoranir og þá möguleika sem eru í stöðunni. Meta þarf ýmsa þætti í skipulagi og rekstri starfseminnar þegar í stað, með það fyrir augum að komast hjá frekari vanda. Í úttektinni verður að taka á skipulagi, rekstri og stöðu framkvæmda þannig að ljóst sé við hvaða búi er tekið.

- Fjármögnun verður sérstakur þáttur í starfi stjórnar. Bráðavanda Orkuveitunnar má ekki vanmeta. Mikilvægt er að ná utan um þau mál hratt og örugglega. Ná verður ásættanlegu jafnvægi milli tekna og gjalda sem allra fyrst.

- Úttekt er eitt, framkvæmd stefnu er annað. Hlutverk stjórnar er að innleiða stefnu borgarstjórnar og áherslur hinnar nýju orku- og auðlindanefndar í starfsemi Orkuveitunnar. Sveigja á af stóriðjustefnu, til aukinnar fjölbreytni í orkusölu og að sjálfbærri almannaðjónustu.

- Brýnar breytingar kalla á skýra forystu stjórnar Orkuveitunnar. Stjórnarformaður mun fyrst um sinn sinna því verkefni í fullu starfi til að meta stöðuna með stjórn fyrirtækisins og vinna að nauðsynlegum breytingum.

Orkuveitan er frábært fyrirtæki og við erum vel sett að eiga umhverfisvæna orku og gott vatn. Ný stjórn fyrirtækisins er skipuð fólki með faglega þekkingu og reynslu. Starfsfólk Orkuveitunnar býr yfir gríðarlegri þekkingu, reynslu og metnaði. Við byggjum þess vegna á traustum grunni og hlökkum til að geta gert allskonar í framtíðinni þegar rekstur Orkuveitunnar er kominn á beinu brautina.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 16:10

Jón Gnarr

Jón Pálmi Pálsson

Páll S. Brynjarsson